

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 15. ágúst 2023
UST202307-173/A.B.
10.05.00

Efni: Grenndarkynning - Framkvæmdarleyfi - Strandstígur við Borgarvog Borgarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdarleyfi fyrir strandstígur við Borgarvog í Borgarnesi.

Í erindinu kemur fram að sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir gerð 1. hlutar strandstígs meðfram Borgarvogi, frá strandsvæði vestan Kjartansgötu 1, bak við lóðir við Kjartansgötu og Kveldúlfsgötu, norður fyrir Dílatanga og að Kirkjugarðsvík.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta aðgengi við Borgarvoginn í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags og tengja heildstætt stígakerfi sem mætir þörfum íbúa og gesta til framtíðar. Á umræddu svæði er í gildi aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 en einnig deiliskipulag Dílatanga á hluta svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsagnir á fyrri stigum sem mikilvægt er að líta til.¹²

Umhverfisstofnun telur hugmyndina og markmið verkefnisins við gerð stígs vera jákvæða þar sem markmið verkefnisins er að styðja við útivist, sjálfbærar samgöngur og náttúruskoðun.

Framkvæmdin

Hér er um að ræða framkvæmd sem er að stórum hluta lokið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski sé haldið í lágmarki og leitast verði til að þar sem þarf nauðsynlega að fara út í leirur og óraskað svæði að farið sé eins fljótt og hægt er aftur að röskuðu svæði. Þetta á sérstaklega við svæðið við Þorsteinsgötu sem á að fara í töluverðar framkvæmdi.

Dílatangi

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við göngustíg fyrir Dílatanga, en mikilvægt er að halda óþarfa raski í lágmarki.

Kveldúlfsgata

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við legu stígarins við enda framkvæmdasvæðisins.

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3Cb6gn%20D%3C%adlatangi%201.7.pdf>

² https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/L%3Cbdsing_-_a%3Cb0alskipulag_Borgarbygg%3Cb0ar_2010_-_2022_-_Borgarvogur_og_D%3C%adlatangi.pdf

Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag að beina stígnum þá leið sem hún er sýnd.³

Umhverfisstofnun telur að með því að beina stígnum að leirunum og með gerð brúar mun það valda töluverðu raski á svæðinu. Umhverfisstofnun leggur til að stígurinn fylgi Kveldúlfsgötu og vesturhluta kirkjugarðsins og fari ekki út á leirurnar og í fjöurnar.

Auk þess telur stofnunin að með því að beina stígnum áfram meðfram ströndinni mun það kalla á töluvert rask á fjörum.⁴

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

³<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=BDGaKZ6PckOpG2g7g0sWKQ>

⁴ <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=BDGaKZ6PckOpG2g7g0sWKQ>